

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 728 — 450. mál.
2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna
flutningsjöfnun, nr. 160/2011 (breytingar
á úthlutunarreglum).

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

Við a-lið 1. gr.

- Orðin „en 15% ef ferð er lengri en 390 km“ í 1. efnismásl. falli brott.
- Í stað orðanna „er 150–390 km en allt að 30% ef ferð er lengri en 390 km“ í 2. efnismásl. komi: er a.m.k. 150 km.

Greinargerð.

Í ljósi þess að um er að ræða opinberan stuðning við notkun jarðefnaeldsneytis, meðan ekki hafa náðst full orkuskipti í vegasamgöngum, auk þess sem ónógar upplýsingar liggja fyrir um það hvert hækkaðir flutningsjöfnunarstyrkir muni helst renna, er lagt til að dregið verði úr hækkun styrkjanna.